

REGLUGERÐ**um leigu eftir íbúðarhúsaloðir í Reykjavík.****1. gr.**

Ársleiga eftir lóðir, sem Reykjavíkurborg leigir til íbúðarhúsabygginga til 75 ára, skal vera 0.5% — fimm af þúsundi. — af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1972 skal leiga samkv. 1. gr. vera 0.25% — tveir og hálfur af þúsundi — af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar nr. 86 16. des. 1943, sbr. breyting frá 23. des. 1971, og öðlast hún gildi 1. janúar 1972.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1971.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 251.

27. desember 1971.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Kumbaravogs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. desember 1971.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Námssjóð Kumbaravogs.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir Námssjóður Kumbaravogs, Stokkseyrarhreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í þeim tilgangi að styrkja til náms börn, sem komið hefur verið fyrir að Kumbaravogi af barnaverndarnefndum víðs vegar af landinu.

3. gr.

Sjóðurinn aflar tekna með fjárframlögum einstaklinga og félaga, sem styrkja vilja sjóðinn.

4. gr.

Sjóðstjórn er skipuð 3 mönnum, þar sem afl atkvæða ræður úrslitum. Einn skal skipaður af barnaverndarnefnd Stokkseyrarhrepps, annar skólustjóri Hlíðardals-skóla Ölfusi og þriðji skal vera forstöðumaður, eða forstöðukona Kumbaravogs.

Stjórnin skiptir þannig með sér störfum:

Formaður: Skólastjóri Hlíðardalsskóla. Gjaldkeri: Forstöðumaður eða forstöðukona Kumbaravogs. Ritari: Fulltrúi barnaverndarnefndar Stokkseyrarhrepps. Formaður boðar til fundar, þegar þurfa þykir, og skulu fundargerðir færðar í fundargerðabók.

5. gr.

Heimil er ráðstöfun árlegra tekna sjóðsins samkvæmt framanrituðu.

6. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera sóknarprestur Eyrarbakka- og Stokkseyrarhrepps.

7. gr.

Þegar sjóðurinn hefur lokið hlutverki sínu, þ. e. þegar starfsemi hans hefur verið lögð niður, skal sú fjárhæð, sem í honum kann þá að vera, renna í Hjálpar-sjóðs æskufólks, sem áður hefur verið skrásettur.

8. gr.

1. og 2. grein má ekki breyta.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um orlof.

1. gr.

Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum.

2. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsmerki að verðgildi 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur, 50 krónur, 100 krónur og 500 krónur.

Stærð merkjanna skal vera 20.5×24.5 mm. Á merkinu skal standa verðgildi þess og orðið: ORLOF. Lit merkjanna og nánari gerð þeirra ákveður póststjórnin. Orlofsmerki skulu vera til sölu á öllum póstafgreiðslum í landinu.

3. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsbækur til varðveislu orlofsmerkja. Bækurnar skulu vera í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár. Á titilblaði bókarinnar skal vera rúm fyrir nafn bókar eiganda, heimilisfang hans og nafnnúmer svo og nafn stéttarfélags hans.

Í bókinni skulu vera hæfilega margar síður með reitum fyrir orlofsmerki. Aftast á hverri síðu skal vera dálkur fyrir fjárhæð merkja í hverri röð og heildarverð merkja á síðunni.

Eyðublöð fyrir vottorð vegna orlofstöku skulu vera aftast í bókinni.

4. gr.

Orlofsbækur skulu vera til afhendingar ókeypis í öllum póstafgreiðslum. Halda skal skrá yfir þá, sem fá orlofsbækur afhentar og skal sá, sem tekur við orlofsbók kvitta fyrir móttöku hennar á þar til gerð eyðublöð.